



Kópavoll

Gleði, samkennd, frelsi og hugrekki

Starfsáætlun

2021 – 2022



Halla Ösp Hallsdóttir

Leikskólastjóri

Efnisyfirlit

Skólustarfið	4
Inngangur	4
Um leikskólann	4
Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými	4
Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna	4
Heimsmarkmið	5
Lýðræði og jafnrétti	5
Próunarverkefni	5
Þrjú stafir	6
Námskrá – stefna – uppeldislegar áherslur	6
Skólustarfið – aðalnámskrá leikskóla - námssvið leikskóla	6
Heilbrigði og vellíðan	7
Sköpun og menning	7
Sjálfbærni og vísindi	7
Læsi og samskipti	8
Menningarviðburðir	8
Kynning á leikskólanum	9
Foreldrasamstarf	9
Foreldraráð	9
Fræðsla og upplýsingar til forráðamanna	9
Þátttaka forráðamanna í leikskólustarfi	10
Foreldrafélag	10
Starfsmannastefna	10
Samsetning starfsmannahópsins	11
Samstarf við grunnskóla	11
Samstarf við aðra	11
Mat og matsaðferðir	11
Mat á skólustarfi	11
Börn	12
Skimanir og próf:	12
Sérkennsla	12
Starfsfólk	12
Forráðamenn	12
Öryggismál	12
Öryggisnefnd	13

Áfallaráð	13
Mat á Skólastarfi, starfsáætlun síðasta starfsárs	14
Skólastarfið svo sem þema og áherslupættir	14
Námssvið	14
Starfsáætlun	14
Vinnuumhverfisvísar.....	15
Mat og matsaðferðir	15
Börn	16
Sérkennsla	16
Samsetning starfsmannahópsins.....	16
Mat starfsmanna	17
Starfsmannasamtöl	17
Þróunar- og nýbreytnistarf.....	17
Skipulagsdagar.....	17
Endur- og símenntun	18
Fundir	18
Samstarf.....	18
Nemar.....	18
Viðhald.....	18
Öryggismál.....	18
Umbótaáætlun næsta skólaárs	19
Skólastarfið.....	19
Lokaorð.....	21

Skólastarfið

Inngangur

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari og sýna fram á að innra mat er umbótamiðað. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Um leikskólann

Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými

Leikskólinn Kópahvoll tók til starfa árið 1970 og er fjögurra deilda leikskóli þar sem boðið er upp á sveigjanlegan vistunartíma. Í leikskólanum eru samtals 74 börn. Heildarrými leikskólans er 538 m² og flatarmál lóðar er 2352 m². Rými á hvert barn er 7,5 m².

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmálinn varð að lögum 1990 og lögfestur hér á landi 2013. Barnasáttmálinn felur meðal annars í sér viðurkenningu á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi, óháð réttindum fullorðinna. Hann felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn þarfnist sérstakrar verndar umfram hina fullorðnu. Öllum þeim sem koma að málefnum barna ber að gera það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja samningnum. Hér er átt við stjórnvöld, forráðamenn, skóla og alla aðra sem vinna með börnum.

Í maí 2018 samþykkti Kópavogsbær að innleiða barnasáttmálann og komast þannig í alþjóðlegan hóp barnvænna sveitarfélaga. Hugmyndafræði barnvænna sveitarfélaga byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF, Child Friendly Cities (CFC). Markmið barnavænna sveitarfélaga er að bæta aðstæður barna og tryggja að ávallt sé tekið tillit til réttinda þeirra, við gerð stefna, áætlana, verkefna eða við aðra ákvarðanatöku.

Barnasáttmálinn hefur að geyma upplýsingar um réttindi mjög víðtæks eðlis. Hann kveður á um vernd tiltekinna grundvallar mannréttinda barna, svo sem réttinn til lífs, friðhelgi fjölskyldu- og einkalífs, félaga-, skoðana-, tjáningar- og trúfrelsis. Barnasáttmálinn kallar á ný viðhorf til barna og stöðu þeirra í samfélaginu þar sem lögð er áhersla á aukið lýðræði. Þar kemur fram hvernig skuli komið fram við börn og hvernig stuðla eigi að því að þau njóti alls þess sem þau þurfa til að vera hraust, ánægð, ábyrg og upplýst. Hinn fullorðni sem fyrirmynd hefur mikil áhrif á líf barna, skilning þeirra og virðingu fyrir

réttindum og þeim reglum sem gilda í lýðræðis samfélagi. Öll réttindi [barnasáttmálans](#) eru mikilvæg en við innleiðingu er einkum lögð áhersla á fjórar grunnstoðir hans sem eru greinar 2,3,6 og 12.

- 2.gr. Öll börn eru jöfn
- 3.gr. Það sem barni er fyrir bestu
- 6.gr. Líf og þroski
- 12.gr. Virðing fyrir skoðunum annarra

Heimsmarkmið

Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru víðtækustu markmið sem ríki heims hafa komið sér saman um. Þau eru margþætt og metnaðarfull og krefjast þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila. Markmiðin krefjast skipulagðrar vinnu af hálfu stjórnvalda en einnig þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila. Óhætt er að fullyrða að ef þjóðum heims tekst að ná markmiðunum innan gildistíma áætlunarinnar þá mun líf allra og umhverfi hafa batnað til mikilla muna. Bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt að innleiða heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun í stefnu Kópavogsbæjar. Kópavogur verður fyrsta sveitarfélag á Íslandi til þess að innleiða markmiðin með formlegum hætti. Leikskólar Kópavogs hófu [innleiðingu Heimsmarkmiða](#) haustið 2019 og byggja stefnu sína á fimmtán markmiðum. Lagt er upp með að börn, forráðamenn og starfsfólk leggi sig fram við að gera það sem þeir er megnugir til að stuðla að sjálfbærni jarðar á öllum sviðum. Mikilvægt er að hver einstaklingur hugsi vel um sjálfan sig, umhverfi sitt og aðra.

Lýðræði og jafnrétti

Markmið með lýðræði í leikskólastarfi er að gefa barninu tækifæri til að hafa áhrif á starfið, það finni að á það sé hlustað, læri að bera ábyrgð á sjálfu sér og öðlist samkennd. Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis.

Þróunarverkefni

Verkefnin hér að neðan voru unnin frá árinu 2018 og var þeim lokið árið 2020. Unnið verður út frá þessum verkefnum og mun þetta verði hluti af starfi Kópahvols um ókomna tíð. Snemmtæk íhlutun

Þann 26. maí 2015 skrifuðu bæjarstjóri Kópavogs, fulltrúi foreldra í Kópavogi og menntamálaráðherra undir þjóðarsáttmála um læsi, þar sem fyrrgreindir aðilar einsetja sér að bæta læsi barna í Kópavogi, efla málþroska þeirra og styrkja getu og leikni í lestri og lesskilningi. Í framhaldi af undirskrift þjóðarsáttmálans var Ásthildur B. Snorradóttir talmeinafræðingur fengin til að leiða verkefnið Snemmtæk íhlutun – mál og læsi.

Áhersla á Snemmtæka íhlutun byggir á því að barnið byrjar að öðlast málvitund strax á fyrstu mánuðum lífsins. Sú málörvun sem fram fer heima og í leikskólanum hefur úrslitaráhrif á hversu vel barninu gengur að læra að lesa. Snemmtæk íhlutun er forsenda þess að efla börn á fyrstu stigum læsinnáms og koma þannig í veg fyrir námserfiðleika og neikvæða upplifun af skólagöngu síðar meir. Hér má nálgast verkefnið í heild sinni: [Snemmtæk íhlutun](#)

Þrír stafir

Leikskólinn Urðarhóll (Skólatröð), Leikskólinn Kópahvoll og Kópavogsskóli sóttu um styrk fyrir samvinnuverkefni leik- og grunnskóla með það fyrir augum að skoða samfellu milli skólastiga í einstaklingsmiðuðu læsinnámi. Verkefnið fól í sér að skoða viðfangsefni og aðferðir læsis á báðum skólastigum og greina innihald og samfellu kennslunnar. Hér má nálgast verkefnið í heild sinni: [Þrír stafir](#)

Námskrá – stefna – uppeldislegar áherslur

Í leikskólanum er starfað samkvæmt lögum um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla og skólanámskrá Kópavols. Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum og er talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag. Áhersla er á vellíðan barna og starf sem kemur þeim til góða og leiðir til aukins vaxtar og þroska. Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins, náms- og þroskaleið barna.

Leikskólinn Kópahvoll starfar eftir hugmyndafræðinni Uppeldi til ábyrgðar. Fræðin byggjast á því að einstaklingurinn geti tekið sjálfstæðar og siðferðislegar ákvarðanir varðandi eigin hegðun. Markmiðið er að styrkja einstaklinginn í að vera sá sem hann vill vera með hliðsjón af eigin sannfæringu frekar en að stjórnast út frá geðþótta annarra. Einnig að kenna börnum ábyrga hegðun og sjálfstjórn með því að gefa þeim tækifæri til að leiðrétta mistök sín og kenna þeim að uppfylla þarfir sínar á jákvæðan hátt.

Skólastarfið – aðalnámskrá leikskóla - námssvið leikskóla

Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla (2011) eru tilgreindir sex grunnþættir menntunar og eiga þeir að vera sameiginlegt leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun í leikskólum og fléttast inn í starfið. Námssvið leikskóla taka mið af grunnþáttunum og byggjast á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum. Námssvið leikskóla eru: heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi og læsi og samskipti.

Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla læra börn um og tileinka sér heilbrigða lífshætti. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf. Umhyggja skipar stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að mynda góð og nán tengsl við börnin.

- Holt og næringarríkt fæði.
- Útivera er að minnsta kosti einu sinni á dag.
- Farið er í vettvangsferðir eins oft og hægt er.
- Markviss hreyfing í sal að lágmarki einu sinni í viku fyrir hvern hóp.
- Góðar hreinlætisvenjur.

Sköpun og menning

Barnamenning er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Sköpun í leikskóla á fyrst og fremst að beinast að sköpunarferlinu, gleðinni, tjáningunni, könnuninni og náminu, sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fær að njóta sín.

- Lesið og sungið er á hverjum degi.
- Þulur, vísur og frásagnir eru notaðar í starfinu með börnunum
- Hljóðfæri eru til staðar sem hægt er að nýta
- Fjölbreyttur efniviður er til í listsköpun.
- Íslenskri menningu er viðhaldið með fjölbreyttum hætti

Sjálfbærni og vísindi

Markmið með sjálfbærni er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skiptir máli í nútíð og um alla framtíð. Hlutverk leikskóla er að styðja við fróðleiksþorsta barna með því að fylgjast með og hlusta eftir því hvað börnin eru að fást við og reyna að átta sig á hvernig þau hugsa og skilja hlutina.

- Börnin fá tækifæri og hvatningu til sjálfshjálpar.
- Aukin er vitund um umhverfismennt og endurvinnslu.
- Verðlaus efniviður er flokkaður og nýttur.
- Vel er hugsað um leikskólann úti og inni.
- Frágangur og snyrtimennska er í fyrirrúmi.
-

Læsi og samskipti

Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir þekkingu, leikni og hæfni til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Í leikskóla ber að skapa aðstæður til að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum og gefa börnum tækifæri til að endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og starfi.

- Unnið er með samskipti í öllu starfi leikskólans.
- Ritmál er gert sýnilegt.
- Samverustundir eru alla daga vikunnar.
- Málörvunarverkefni eru flokkuð og aðgengileg fyrir alla í leikskólanum.
- Leikskólinn hefur sína læsistefnu.
- Lestrarvikur eru í tengslum við dag íslenskrar tungu.

Menningarviðburðir

- Á haustönn er, haldið upp á alþjóðlega bangsadaginn, læsis vikur í tengslum við dag íslenskrar tungu. Afmæli Jósías, drenginn sem við styrkjum í SOS barnaþorpi.
- Í desember er undirbúningur fyrir jólin, jólaglóð, piparköku bakstur, jólaleikrit og jólaskemmtun. Elstu börnin fara í Sívertsenhúsið í heimsókn fyrir jólin. Elstu börnin heimsækja Sívertsen húsið fyrir jólin.
- Á vorönn er þorablót, dagur leikskólans, foreldrakaffi í tengslum við bóndadag og konudag, afmæli leikskólans, útskrift og útskriftaferð elstu barnanna.
- Haldið er upp á afmæli barnanna þar sem þau búa til sína afmæliskórónu og fá að velja sér disk og glas í matartímanum, sungið er fyrir afmælisbarnið í samverustund.
- Á sumrin er starfið brotið upp með ýmsum hætti og öðruvísi viðburðum. Svo sem sumarhátíð, sveitaferð, gönguferðir, strætóferðir og margt fleira.
- Útistöðvar eru alltaf á miðvikudögum þar sem deildarnar bjóða upp á mismunandi verkefni í útiveru.
- Sinfóniútónleikar í Hörpu fyrir elstu börnin
- Leikhúsheimsókn í Þjóðleikhúsið með tvö elstu árgangana.
- Stærðfræðivika í tengslum við dag stærðfræðinnar
- Fjölmeningavika

Kynning á leikskólanum

- Á heimasíðu leikskólans má finna upplýsingar um starf hans, fréttir, viðburði og
- annað sem tilheyrir starfinu.
- Vala er samskiptaforrit fyrir forráðamenn og starfsfólk.
- Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar nýta tölvupóst og Völu
- snjallforritið til þess að koma upplýsingum til foreldra.
- Deildarstjórar senda út fréttabréf reglulega með Sway forritinu.
- Áður en barn byrjar í leikskólanum eru foreldrar boðaðir í fyrsta viðtal við deildarstjóra og
- leikskólastjóra þar sem starfið er kynnt og farið yfir helstu gögn.
- Á foreldrafundi að hausti er kynning á starfi komandi vetrar.
- Á afmælisdegi leikskólans 11. maí er sett upp sýning á afrakstri vetrarins og foreldrum
- boðið í kaffi.

Foreldrasamstarf

Í leikskólanum er lögð áhersla á að samstarf heimilis og skóla byggir á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hvors annars. Samstarf þetta byggir á þeirri forsendu að foreldrar beri megin ábyrgð á uppeldi barna sinna. Dagleg samskipti og upplýsingastreymi eru mikilvægir þættir til að stuðla að jákvæðu og traustu sambandi milli foreldra og leikskóla.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur má finna á heimasíðu leikskólans. Verkefni foreldraráðs eru:

- Að gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar um starfsáætlun, skólanámskrá, þróunarverkefni og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.
- Að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana og kynningu þeirra fyrir forráðamenn.
- Að gefa umsagnir um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Fræðsla og upplýsingar til forráðamanna

Mikilvægt er að forráðamenn séu upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans. Nýir foreldrar eru boðaðir í viðtal við upphaf leikskóladvalar barnsins þar sem farið er yfir starf skólans og foreldrum afhend upplýsingablöð. Forráðamenn eru boðaðir í foreldrasamtal á miðju skólaári. Haldnir eru fundir með forráðamönnum, kennurum, sérkennslustjóra og öðrum fagaðilum þegar þess er þörf.

Þátttaka forráðamanna í leikskólastarfi

Forráðamenn eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu sem byggir á þeirri hugmynd að fjölskyldan og leikskólinn séu samstarfsaðilar.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða. Stjórnin fundar nokkrum sinnum yfir árið. Foreldrasjóður er í leikskólanum sem er nýttur til að greiða kostnað við ýmsa viðburði eða annað sem stjórn foreldrafélagsins ákveður.

- Markmið foreldrafélagsins er:
- Að efla samvinnu forráðamanna og starfsfólks.
- Að tryggja hagsmuni barna.
- Að taka þátt í ýmis konar starfsemi leikskólans og viðburðum.

Starfsmannastefna

Góð samskipti og gagnkvæm virðing hafa grundvallarþýðingu fyrir vellíðan í starfi og starfsárangur. Starfsfólk er sameiginlega ábyrgt fyrir því að viðhalda góðum starfsanda. Starfsmenn Kópahvols sameinuðust um áherslur í samskiptasáttmála. Áherslurnar eru eftirfarandi:

- Við sýnum hlýju og umhyggju og tökum tillit til hvers annars
- Við erum jákvæð í hugsunum, orðum og verkum og tökum vel í nýjar hugmyndir
- Við komum fram við aðra eins og við viljum láta koma fram við okkur
- Við sinnum okkar störfum af metnaði og forðumst að koma þeim yfir á aðra
- Við erum stundvís og virðum tíma annarra
- Við leyfum öllum að njóta hæfileika sinna í starfi og tökum ekki fram fyrir hendurnar
- á öðrum
- Við erum heiðarleg og tölum um málefni af sanngirni
- Við erum ein heild og leysum saman þau mál sem koma upp

Lögð er áhersla á að starfsfólk leikskólans vinni sem ein heild. Fræðsla og umræða á skipulagsdögum er hluti af þeirri stefnu að auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsfólks. Starfsfólki gefst auk þess kostur á að sækja námskeið er varðar leikskólastarf. Móttökuáætlun er til staðar fyrir nýtt starfsfólk og fær það afhent gögn til lestrar þegar það hefur störf í leikskólanum. Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári eða oftari ef þörf þykir. Leikskólastjóri tekur samtöl annað hvert ár við alla starfsmenn og annað hvert ár við deildarstjóra, eldhús starfsfólk og sérkennslustjóra. Annað hvert ár taka deildarstjórar starfsmannasamtöl við sitt starfsfólk.

Samsetning starfsmannahópsins

Í Kópahvoli er gert ráð fyrir 21,00 stöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 30 % stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 50 % stöðu sérkennslustjóra og 1,75 % stöðugildi í eldhúsi.

Samstarf við grunnskóla

Meginmarkmið samstarfs og tengsla milli skólastiga er að skapa samfellu í lífi barna og finna leiðir til að koma til móts við þarfir þeirra. Samstarf leik- og grunnskóla er í sífelldri þróun og unnið er að því á mismunandi hátt í hverfum bæjarins. Tryggja þarf að öll börn í leikskóla taki þátt í því samstarfi sem skipulagt er á milli skólastiga. Skólastjórnendur beggja skólastiga bera ábyrgð á skipulagningu samstarfsins.

Samstarf við aðra

Leikskólinn á í samstarfi við hina ýmsu aðila svo sem aðra leikskóla, starfsfólk menntasviðs Kópavogs og ýmsa utanaðkomandi sérfræðinga og birgja.

Mat og matsaðferðir

Í leikskólanum er starfið í stöðugri þróun og þar á sér stað sífellt endurmat. Niðurstöður mats ásamt umbótaáætlun koma fram í starfsáætlun. Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem er framkvæmt af starfsfólki leikskólans og er kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

Markmið mats er að auka þekkingu og skilning leikskólakennara og annars starfsfólks, foreldra og barna á þroska barna, námi og líðan. Matið á einnig að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla og að réttindi barna séu virt. Í leikskólanum er starfið í stöðugri mótun og þróun og þar á sér stað sífellt endurmat. Ýmsir matslistar eru notaðir til að meta starfið.

Mat á skólastarfi

Ár hvert er einn námsþáttur metinn og umbótaáætlun gerð í samræmi við niðurstöður. Deildarstjórar í samstarfi við deildarstarfsmenn fara yfir og endurmeta starfið á deildinni um áramót og að vori. Fyrir samtöl við forráðamenn hittist starfsfólk deilda og fer yfir stöðu hvers barns og eftir foreldrasamtöl er niðurstöðum þeirra miðlað til starfsfólks deilda. Eftir hvern viðburð er gert endurmat og breytingar gerðar ef þörf er á.

Starfsáætlun er endurmetin á hverju vori og gerð umbótaáætlun fyrir nýtt skólaár. Skólanámskrá er endurskoðuð samkvæmt lögum á fimm ára fresti.

Börn

Börnin meta skólastarfið árlega og eru matsaðferðir breytilegar og aðlagðar þroska barna.

Skimanir og próf:

- Hljóm-2 er aldursbundið íslenskt próftæki í leikjaformi, sem kannar hljóðkerfisvitund
- fimm ára barna.
- EFI-2 er málþroskaskimun, sem kannar málskilning og tjáningarfærni barna á fjórða
- aldursári.
- TRAS er skráningarlisti til að fylgjast með málþroska tveggja til fimm ára barna.

Sérkennsla

Sérkennsla byggir á lögum um leikskóla nr. 90 frá 2008 og samkvæmt þeim eiga öll börn rétt á kennslu við hæfi. Ef barn þarf á sérstakri aðstoð að halda er ávallt haft samráð við forráðamenn. Framkvæmd sérkennslu er á ábyrgð allra starfsmanna en sérkennslustjóri skipuleggur þá vinnu í samstarfi við deildarstjóra. Lögð er áhersla á að efla og styrkja hvert barn ásamt því að veita hverju barni viðfangsefni við hæfi. Framkvæmdar eru ýmsar athuganir og bæði kennurum og forráðamönnum veitt ráðgjöf. Þegar þess þarf með fylgir sérkennslustjóri eftir málum þeirra barna sem þurfa þess.

Starfsfólk

Starfsfólkið endurmetur leikskólastarfið reglulega með ýmsum hætti. Sérhannaður listi er sendur rafrænt til starfsfólks leikskólans annað hvert ár til að meta samstarf og samskipti. Starfsmannasamtöl fara fram árlega. Starfsfólkið endurmetur leikskólastarfið með ýmsum hætti s.s eftir viðburði, með matslistum námsþátta, yfirllestur starfsáætlunar og gerð umbótaáætlunar.

Forráðamenn

Forráðamenn meta starfsemi leikskólans annað hvert ár. Spurningakönnun er þá send rafrænt til forráðamanna frá menntasviði Kópavogs. Niðurstöður gefa kennurum leikskólans góðar vísbendingar um það hvað forráðamenn eru ánægðir með og hvað mætti betur fara í starfinu.

Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna, koma í veg fyrir heilsutjón vegna vinnunnar eða vinnuumhverfisins og að sjá til þess að unnið sé eftir viðbragðsáætlunum. Hér má finna: [Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum](#)

Öryggisnefnd

Öryggisnefnd hefur eftirlit með aðbúnaði barna og starfsfólks og er í samstarfi við vinnueftirlitið og heilbrigðiseftirlitið. Í öryggisnefnd sitja öryggisfulltrúi og öryggisvörður. Nefndin hittist að minnsta kosti tvisvar á ári og fer yfir öryggisatriði er varða húsnæði og garð leikskólans. Leikskólastjóri gegnir starfi öryggisvarðar sem fulltrúi rekstraraðila eða annar sem hann tilnefnir. Öryggistrúnaðarmaður er kosin af samstarfsmönnum á tveggja ára fresti.

Starfsfólk leikskólans kemur ábendingum til öryggisnefndar ef úrbóta er þörf. Öll slys eru skráð í forritið Atvik í samstarfi við VÍS.

Áfallaráð

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks. Við áföll hittist ráðið eins oft og þurfa þykir. Áfallaráð leikskólans hefur til hliðsjónar:

[Áfallaáætlun leikskólans](#)

[Jafnréttisáætlun leikskólans](#)

[Jafnréttis- og mannréttindastefna Kópavogsbæjar](#)

[Stefna Kópavogsbæjar gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi](#)

[Verklagsreglur Menntasviðs Kópavogs um viðbrögð við ofbeldi í stofnunum sviðsins.](#)

Mat á Skólastarfi, starfsáætlun síðasta starfsárs

Skólastarfið svo sem þema og áherslupættir

Unnið var útfrá Barnasáttmálanum, uppeldi til ábyrgðar, lýðræði og læsi í víðri merkingu með áherslu á vinnu með Lubbi finnur málbein og Vináttuverkefni Barnaheilla um Blæ. Einnig voru Heimsmarkmiðin tengd inn í starfið og umhverfismennt svo sem flokkun sorps og fleira. Megin þema sem unnið var eftir var „Ég sjálfur“, með mismunandi áherslum eftir deildum og aldri barnanna. Einnig var lögð áhersla á grunnliti, form og tölur. Áhersla var lögð á að efla sjálfsvitund barnanna, samskipti og samhug ásamt því að börnin væru frædd um líkama sinn og nánasta umhverfi.

Haldið var upp á afmæli leikskólans þann 11. maí, vaninn hefur verið að bjóða upp á pizzu í hádeginu og súkkulaði köku í kaffinu. Þetta árið klikkaði pizzan en kakan var á sínum stað. Útskrift elstu barnanna var 11. júní og var ákveðið að hafa athöfnina úti við og síðan var boðið upp á kaffi/mjólk köku og kleinuhringi á Krummadeild að lokinni athöfninni. Börnunum var afhent viðurkenningarskjal og birkitré sem og ferilmöppurnar sínar. Sumarhátíð leikskólans var haldin 4. júní og var ákveðið að vera með opið hús á sama tíma. Foreldrafélagið styrkti leikskólann um hoppukastala og leiksýningu. Fyrirhugað var að hafa leiksýninguna úti þar sem foreldrum var einnig boðið á sýninguna, en þar sem rigndi þennan dag þá var sýningin færð inn og var einungis sýnd börnunum vegna COVID. Foreldrar mættu síðan í garðinn og grillaðar voru pylsur og boðið upp á safa.

Námssvið

Þetta vorið var metinn námsþátturinn Sjálfbærni og vísindi ásamt starfsáætlun síðasta árs og þar kom eftirfarandi fram:

- Lagt var upp með að nýta fjölbreyttan og skapandi efnivið í listasmiðju en hefði mátt takast betur til. Mikil áhersla var lögð á málörvun og Unicef verkefni sem varð til þess að minni áhersla fór í listasmiðju.
- Mætti ýta meira undir sköpunargleði barnanna og efla þau í sjálfsstæðum vinnubrögðum.
- Auka þarf fjölbreytni í hlustun og notkun tónlistar, söngleikja og leikrænni tjáningu.
- Mætti auka umfjöllun um fjölbreytta menningu, meira en ein vika á ári.

Starfsáætlun

- Aðeins náðist að hafa einn fagfund á árinu.
- Deildarfundir gengu þokkalega í vetur þar sem þeir voru festir á ákveðna daga og gekk því ágætlega að halda skipulaginu. Stjórnendafundir gengu ekki alveg nógu vel og þarf að festa fyrirkomulagið betur niður. Settir voru á sérkennslufundir sem áttu að vera einu sinni í mánuði

ekki gekk nægjanlega vel að halda þá þar sem starfsfólk sem sinnir stuðning vinnur á mismunandi tímum og náðist því ekki að halda skipulaginu.

- Ágætlega gekk að nýta svæði þennan veturinn hins vegar mætti nýta austurherbergi betur sem tilheyrir Ugludeild. Lagt var upp með að vera með skipulagðar íþróttastundir í sal leikskólans með starfsmanni í vetur, en það gekk ekki nógu vel vegna COVID og fleiri ástæðna.
- Ágætlega hefur gengið að innleiða uppeldi til ábyrgðar kennarar finna fyrir töluverðri breytingu á orðræðunni og eru orðnir meðvitaðri um að nýta sér þá þætti sem koma að aðferðinni. Hins vegar þurfum við að kafa enn dýpra og munum nýta okkur verkfærakistuna við þá vinnu.

Vinnuumhverfisvísar

- Kjarasamningsbundin vinnustytting kom til framkvæmda í janúar og hefur það aukið álag á starfsfólk og börn. Nauðsynlegt er að fá aukið fjármagn/stöðugildi inn til þess að hægt sé að nýta styttinguna til hvíldar í stað meiri álags.
- Undirbúningstímar kennara jukust þó nokkuð í vetur og hefur það jákvæð áhrif á faglegt starf en hefur þó aukið álag inn á deildum.
- Skoða þarf undirbúningstíma stuðnings aðila þar sem enginn afleysing kemur inn fyrir þá og þeir tímar teknir af barninu sem þarf á stuðning að halda, sem er engan veginn ásættanlegt þegar barn er t.d með fullan stuðning og getur ekki án hans verið.
- Álag getur verið mismunandi yfir daginn eftir deildum, yfirleitt eru álagspunktur t.d þegar verið er að klæða út og taka börnin inn, bleyju skipti og fleira.
- Veikindi starfsfólks getur valdið auka álagi þar sem að þá eru deildarnar oft undirmannaðar.
- Ávallt þarf að huga að starfsánægju
- Auka má lýðræði hjá börnunum og þurfa kennarar að taka markvissa umræðu um hvernig við túlkum lýðræði og hvernig það er eft hjá börnunum.
- Dreifing ábyrgðar er mikilvæg í starfsmannahópnum sem getur þá líka leitt til betri starfsánægju.
- Mikilvægt er að leysa fljótt og vel úr vandamálum sem upp koma á vinnustaðnum.
- Ávallt þarf að huga að góðu upplýsingaflæði í leikskólanum.

Mat og matsaðferðir

Foreldrakönnun er lögð fyrir á tveggja ára fresti. Þetta árið var lögð fyrir foreldrakönnun. Niðurstöður könnunar voru nokkuð góðar og hafa ánægðir aukist síðan síðasta könnun var lögð fyrir. Hér má nálgast [niðurstöður könnunarinnar](#).

Kópahvoll var hinsvegar búin að setja sér markmið með að senda út foreldrakönnun t.d varðandi aðlögun barnanna ekki varð úr því að þessu sinni, stefnt er að því að senda slíka könnun út í október og eru leikskólastjóri og deildarstjóri yngstu deildar ábyrgðarmenn.

Börn

Í Kópahvoli eru 74 börn á fjórum deildum. Krummadeild er elsta deildin og þar hafa verið tveir elstu árgangarnir samtals 22 barn. Ugludeild er með 3 – 4 ára börn og hafa þau verið 18. Spóadeild er með 2 – 3 ára börn og hafa verið samtals 20 börn. Lóudeild er með 1-2 ára börn og hafa þau verið 14. Barngildi voru 89,45 í leikskólanum og heildarfjöldi stunda á dag í leikskólanum var 585 stundir. Aldurskipting barnanna: 7 börn eins árs, 17 börn tveggja ára, 11 börn þriggja ára, 19 börn fjöggra ára og 19 börn fimm ára. Þjóðerni: 9 börn frá Póllandi, 1 barn frá Afganistan, 1 barn frá Ástralíu og eitt barn frá Lettlandi.

Sérkennsla

Heildarfjöldi barna, óháð flokkum sem fengu sérkennslu/stuðning eða sértæka málörvun voru 24 börn eða 33% barna í leikskólanum.

- 1 flokkur: 3 börn
- 2 flokkur: 3 börn
- 3 flokkur: 0
- 4 flokkur: 18 börn

Börn sem flokkast í 3 og 4 flokk eru þau börn sem þurfa tímabundið á verulegri aðstoð að halda vegna t.a.m, félags- og tilfinningalegra erfiðleika, félagslegra aðstæðna eða tvítýngis. Leiðir í sérkennslu eru bæði í formi einstaklingskennslu og í kennslu inn á deildum. Hér má nálgast [vorskýrslu sérkennslu veturinn 2020 – 2021](#).

Samsetning starfsmannahópsins

Starfsárið 2020 – 2021 voru 21,59 stöðugildi í leikskólanum, en þar af 5,4 stöðugildi vegna sérkennslu. Í Kópahvoli störfuðu auk stjórnenda, einn leikskólakennari með deildarstjórn, Einn sjúkráþjálfari með deildarstjórn, einn háskólamenntaður starfsmaður með B.Ed í leikskólakennarafræðum og einn almennur starfsmaður með deildarstjórn. Þrír leikskólakennarar, einn leikskólaliði, fjórir háskólamenntaðir starfsmenn auk almennra starfsmanna.

Kópavogsbær bauð starfsmönnum upp á bólusetningu gegn flensu fyrir þá sem vildu, sem hjúkrunarfræðingur frá heilsugæslu annaðist.

Mat starfsmanna

Ekki var framkvæmd starfsmannakönnun af skólupúlsinum þetta árið.

Starfsmannasamtöl

Þetta árið tóku deildarstjórar starfsmannasamtöl við starfsfólk á sínum deildum. Leikskólastjóri tók viðtöl við alla deildarstjóra, sérkennslustjóra, sérkennara, matráð og aðstoðarmatráð. Markmiðið með starfsmannasamtölum er að ræða um líðan starfsmanns og gefst starfsmanni tækifæri til að láta vita ef eitthvað má betur fara og hvernig hann telur starfið ganga í heild sinni.

Þróunar- og nýbreytnistarf

Starfið í leikskólanum er í sífelldri þróun með tilliti til nýbreytni. Snemmtæk íhlutun er orðin hluti af starfi leikskólans sem og verkefnið þrír stafir. Unnið er að þróunarverkefni UNICEF til þess að verða réttindaskóli, áætluð lok eru í nóvember 2021. Áfram er horft til heimsmarkmiða og Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna í öllu starfi leikskólans.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar voru fjórir á árinu þar sem einum var frestað vegna Covid19.

4. september – farið yfir praktísk atriði, fyrirlestur um réttindi og skyldur og farið í Guðmundarlund þar sem hlustað var á fyrirlestur frá Gerði Magnúsdóttur leikskólakennara um Lubbi finnur málbeinið. Dagurinn endaði á hópefli.

2. október – Fyrirlestur um tákni með tali frá Margræti Samúelsdóttur talmeinafræðingi, sérkennslufundir, deildarfundir og nefndar fundir.

19. nóvember – Umræða um styttingu vinnuvikunnar, kynning á Snemmtæk íhlutun verkefninu frá Sigríði Kristínu Sigurðardóttur sérkennslustjóra og Sigríði Gunnarsdóttur deildarstjóra í Kópahvoli. og Sirrý. Deildarfundir, kynning frá UNICEF á réttindaskólanum.

22. janúar – Praktísk atriði, farið yfir komandi önn, verkefni framundan og fleira

17. mars – fyrirlestur Kennum nýja færni frá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins.

14. maí – Starfsfólk valdi að vinna daginn af sér með tveimur kvöldfundum. Fyrirlestur frá Ásdísi Emelíu Gunnlaugsdóttur sérkennsluráðgjafa um erfiða hegðun síðara kvöldið kynntu allar deildar starfið sitt og leiðir og markmið. Góðar umræður sköpuðust eftir kynningarnar.

Endur- og símenntun

Starfsfólk sótti námskeið og fyrirlestra á vegum Háskóla Íslands, Rannung og annarra endurmenntunarstofnana. Skipulagsdagar voru einnig nýttir að hluta eða öllu leyti til símenntunar.

- Sérkennslustjóri og tveir starfsmenn fóru á TEACH námskeið.
- Aðstoðarleikskólastjóri fór á námskeið markvissar aðgerðir í kjölfar TRAS, deildarstjóri sótti námskeið í TRAS og Blæ námskeið hjá Barnaheill.
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru á fundi á vegum FSL á rafrænuformi.
- Sérkennslustjóri og leikskólastjóri sóttu vorráðstefnu greiningarstöðvarinnar á rafrænu formi.
- Einnig sóttu hluti starfsmanna ýmsa fyrirlestra á rafrænu formi t.d um málörvun og fleira.

Fundir

Trúnaðarmenn FL og SFK fóru á aðalfundi sinna félaga. Leikskólastjóri situr í samráðsnefnd FSL og sótti fundi í tengslum við það. Þessir fundir fóru allir fram rafrænt vegna COVID. Haldin var einn fagfundur á skólaárinu og var skólanámskrá, Tákni með tali, móttökuáætlun og starfsáætlun til umræðu.

Samstarf

Á Vináttudeginum 8. nóvember var upphaflega áætlað að fyrstubekkingar Kópavogsskóla myndu koma og sækja elstu börnin í leikskólanum. En vegna COVID féll dagskráin niður. Á degi íslenskrar tungu hefur verið vanin að börn úr 7 bekk Kópavogsskóla komi og lesi fyrir börnin í leikskólanum en vegna COVID féll það niður.

Nemar

Veturinn 2020 – 2021 var einn mastersnemi í leikskólakennarafræðum sem útskrifaðist sem leikskólakennari í júní 2021.

Viðhald

Gluggar voru settir á hurðar inn í Hreiður og Klett sem eru lokuð rými þar sérkennsla fer fram, nýr klósettkassi á starfsmannasalerni, settar upp hillur á Lóudeild. Sett var upp felliborð inn í Klett og rýmið endurinnréttað. Endurnýjaðar voru hillur í geymslu og hún máluð. Settir upp efri skápar í eldhúsinu á Krummadeild. Keyptur nýr þurrkari. Útisvæði málað með gulu til merkingar fyrir sjónskert barn.

Öryggismál

Barn beit kennara í hendi og þurfti kennari að fara á heilsugæslu og fá stífkrampasprautu. Kennari var að klofa yfir hlið sem aðskilur fataherbergi og baðherbergi og rann til og slasaði sig á hné. Eitt barn féll af stól og marðist á andliti.

Umbótaáætlun næsta skólaárs

Skólastarfið

Áfram verður lögð áhersla á að innleiða Uppeldi til ábyrgðar. Snemmtæk íhlutun í máli og læsi verður nýtt í starfi og lögð áhersla á að taka viðtöl við nýja foreldra eins og verkefnið segir til um. Áfram verður lögð áhersla á Lubbi finnur málbein á öllum deildum sem og Vináttuverkefni Barnaheilla um Blæ. Hver deild miðar starfið út frá aldri og þroska barnanna hverju sinni.

Unnið verður áfram með „Ég sjálfur og nærumhverfið“ á öllum deildum. Grunnlitir, tölur og form eru í fyrirrúmi. Lögð verður áhersla á að efla sjálfsvitund, samskipti og samhug barnanna ásamt því að fræða þau um líkama sinn og nánasta umhverfi.

Allt skólastarfið miðast út frá Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og unnið verður að þróunarverkefni UNICEF við að verða Réttindaskóli og lagt upp með að ná því takmarki í nóvember 2021.

Hefðir leikskólans verða á sínum stað, svo sem alþjóðlegi bangsadagurinn, dagur íslenskrar tungu, afmæli Jósías, jóladagskrá og afmæli leikskólans.

Það sem lögð var áhersla á og þarf að gera betur

- Leggja áfram áherslu á Uppeldi til ábyrgðar, erum á réttri leið
- Vera áfram meðvituð um vandað málfar og setja orð á athafnir.
- Nýta okkur betur nærumh
- verfið t.d með því að fara í styttri vettvangsferðir. Vera duglegri við að fara upp á holt njóta náttúrunnar þar.
- Vera duglegri að fara í leiki með börnunum í útiveru
- Huga betur að flokkun á sorpi og hafa börnin með í flokkuninni, kenna börnunum um vistspor
- Leggja áherslu á fjölbreytt og krefjandi verkefni fyrir börnin
- Horfa meira til lýðræðis og ýta undir frjálsa leikinn.

Námssvið – sköpun og menning

- Nýta fjölbreyttan efni
- Börnin séu þátttakendur í sköpunarferlinu frá upphafi til enda
- Börnin fái svigrúm til að skapa á sínum eigin forsendum
- Ýta undir lýðræðisleg vinnubrögð hjá börnunum
- Nýta nær umhverfið
- Fara í vettvangsferðir til dæmis í fjöru
- Leyfa áhugahvöt barnanna að njóta sín

- Vinna meira með hlustun og tónlist í litlum hópum
- Huga að mismunandi menningu annarra þjóða.

Starfsáætlun

- Stefnt er að því að halda söngstund og flæði annan hvern föstudag, og mun einn starfsmaður sjá um skipulagningu á söngstundinni þennan veturinn. Með því vonumst við til þess að stundirnar verði markvissari. Einnig munum við nýta þessar stundir til þess að kynna börnin fyrir mismunandi hljóðfærum. Breyting frá fyrri árum að söngstund og flæði eru á sama degi farið í söngstund 9:15 og beint eftir söngstund er svo flæði.
- Við settum okkur markmið síðasta vetur að bæta inn lögum með táknum, en það skilaði sér ekki nægjanlega vel inn. Hins vegar gefumst við ekki upp og ætlum okkur að bæta úr í vetur.
- Nú er móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk tilbúin og því munum við fara á fullt að nýta okkur hana.
- Stærðfræðivika verður áfram á sínum stað
- Sólblómavika verður í tengslum við afmæli Jósías og munum við flétta þar inn fjölmenningsviku.
- Læsis vikur í tengslum við dag íslenskrar tungu verður á sínum stað.
- Stefnt að því að halda tvo fagfundi í vetur einn fyrir áramót og einn eftir áramót.
- Vera duglegri að nýta okkur tákni með tali í öllu starfi með börnunum.

Vinnuumhverfisvísar

- Mikilvægt að skipa börnunum upp í smærri hópa eins og hægt er, bæði inn á deildum sem og í útiveru.
- Mikilvægt að starfsmenn séu virkir í útiveru og dreifi sér vel um garðinn. Eins og kostur er á að hafa allan garðinn opinn svo nýtingin verði sem best.
- Starfsmenn leggi sig fram um að vera lausnamiðaðir, hreyfanlegir og lesa í aðstæður hverju sinni.
- Fagfólk meðvitað um að styðja við leiðbeinendur í starfi.
- Halda upplýsingaflæði góðu bæði til starfsfólks sem og foreldra. Deildarstjórar upplýsi sitt starfsfólk um ákvarðanir og skilaboð og fylgi þeim eftir.
- Brunaæfing verði höfð að lágmarki tvisvar á ári með brunabjöllu, höfð verði æfing að hausti þar sem hver deild tekur æfingu og notar einungis flautu.
- Fara með elstu börnin í verkefnið Loga og Glóð sem snýr að brunavörnum.

Mat barna umbótaáætlun

- Kennarar útbúi leiðir til þess að börnin fái tækifæri á að meta starfið.
- Finna leiðir til þess að börnin geti tjáð skoðanir sínar á starfinu og umhverfinu.
- Finna leiðir til að vinna úr mati barnanna á starfinu.
- Elstu börnin meti fleiri þætti starfsins.

Umbótaáætlun sérkennslu

- Í málörvun verður lögð áhersla á almenna málörvun, auka orðaforða, bæta frásögn, æfa setningarskipan, hlustun og að fara eftir fyrirmælum.
- Ákveðið hefur verið að taka 3-4 flokk út af deildunum og fá tvo leikskólakennara til að sinna þeim börnum sem flokkast í þennan flokk.
- Í leikhópum verður áhersla lögð á fínhyfingar og félagsleg samskipti, hegðun og atferli.
- Sérkennslustjóri mun halda reglulega fundi með stuðningsfulltrúum og mætir á deildarfundi þegar þörf þykir til ásamt því að fara inn á deildar og fylgjast með leik og starfi. Sérkennslustjóri mætir í vinnustundir með stuðningsaðilum til þess að fylgjast með hvernig gengur og ef kennarar þurfa aðstoð. Einnig er sérkennslustjóri alltaf til viðtals ef þörf er á.

Samsetning starfsmannahópsins

Leikskólaárið 2021 – 2022 munu starfa í Kópahvoli auk stjórnenda tveir leikskólakennarar með deildarstjórn, háskólamenntaður starfsmaður sjúkraþjálfari með deildarstjórn og almennur starfsmaður með deildarstjórn. Níu leikskólakennarar starfa í Kópahvoli tveir sinna sérkennslu, tveir deildastjórar, leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og tveir starfa inn á deild. Einn nemi sem var að hefja nám í leikskólakennarafræði. Þrír háskólamenntaðir starfsmenn, einn leikskólaliði og almennir starfsmenn.

Lokaorð

Síðasta starfsár gekk vel þrátt fyrir alls kyns verkefni sem komu upp í hendurnar á okkar vegna COVID. Hins vegar sjáum við að það eru einhverjir þættir sem við megum bæta okkur í og stefnum við á að skoða þó nokkur atriði þennan vetur. Við horfum björtum augum á komandi vetur og hlökkum til að takast á við starfið með von í hjarta að faraldurinn fari að dvína.